

50

11. júní

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist: Á Hvalbak . . . . . ljósviti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 11. júní 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

51

11. júní

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2., 3. og 5. tölul. 37. gr. orðist þannig:

2. í læknaeild 10,

3. í laga- og viðskiptadeild 7 — en þó skulu prófessorsembætti í viðskiptafræðum ekki verða þrjú, fyrr en fé er veitt til þess á fjárlögum,

5. í verkfræðideild 5.

2. gr.

Fyrsta málsgrein 38. gr. orðist þannig:

Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstjórn lyflæknis- og handlæknisdeildum Landsspítalans, prófessorinn í geðlæknisfræði skal vera forstöðumaður geðveikrahælisins á Kleppi, ungz komið hefur verið á fót fleiri sjúkradeildum fyrir geðveika, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði. Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal manneldisrannsóknir í samráði við manneldisráð. Prófessorinn í lyfjafræði hefur umsjón með kennslu í lyfjafræði lyfsala. Kennari í lyfjafræði lyfsala hefur jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina.

3. gr.

51

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. júní

*Gjört að Bessastöðum, 11. júní 1960.***Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Gylfi Þ. Gislason.***L Ö G**

52

11. júní

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO).****FORSETI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt frá 6. marz 1948, um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO), með þeim fyrirvara, að Ísland muni taka staðfestingu sína til athugunar á ný, ef síðar yrði ákveðið, að siglingamálastofnunin (IMCO) skyldi einnig fjalla um mál, sem eru algerlega fjármálalegs eða viðskiptalegs eðlis.

Samtímis sé því lýst yfir, að af Íslands hálfu sé áherzla lögð á raunhæft gildi 59. gr. samþykktarinnar, varðandi uppsögn á þátttöku.

Samþykkt þessi er prentuð á íslenzku og ensku sem fylgiskjal með lögum þessum.

**2. gr.**

Þegar samþykkt sú, er um ræðir í 1. gr., hefur verið staðfest, skulu ákvæði hennar hafa lagagildi hér á landi.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 11. júní 1960.***Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Guðm. Í. Guðmundsson.*